

VELFERÐARRÁÐ

Ár 2026, miðvikudagur 2. september var haldinn 536. fundur velferðarráðs og hófst hann kl. 13:01 í Hofi, Borgartúni 12-14. Á fundinn mættu: Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir, Ásta Þórdís Skjalddal Guðjónsdóttir, Magnea Gná Jóhannsdóttir, Róbert Ragnarsson, Skúli Þór Helgason og Þorvaldur Davíð Kristjánsson. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með fjarfundabúnaði með vísan til heimildar í 1. másl. 1. mgr. 54. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. 4. másl. 1. mgr. 13. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar: Helgi Dagbjartur Áss Grétarsson. Af hálfu starfsmanna sátu fundinn: Anna Guðmundsdóttir, Berglind Magnúsdóttir, Dís Sigurgeirsdóttir, Katrín Harpa Ásgeirsdóttir, Kristinn Jakob Reimarsson, Rannveig Einarsdóttir og Randver Kári Randversson sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á 6 mánaða uppgjöri velferðarsviðs janúar – júní 2026. Trúnaður ríkir um málið þar til uppgjörð hefur verið lagt fyrir borgarráð. VEL26080090.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins leggja fram bókun sem færð er í trúnaðarbók.

Fulltrúi Miðflokksins leggur fram bókun sem færð er í trúnaðarbók.

2. Lagt fram yfirlit yfir innkaup á velferðarsviði yfir 10 m. kr. júlí 2025 - júní 2026. Trúnaður ríkir um málið þar til 6 mánaða uppgjör velferðarsviðs hefur verið lagt fyrir borgarráð. VEL26080092.
3. Fram fer kynning á skipulagsbreytingum á velferðarsviði og skóla- og frístundasviði. VEL26080115.

Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs, tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Breytingarnar byggja á vinnu sem hófst árið 2023 og fela í sér mikilvægt skref í að styrkja þjónustu við börn og fjölskyldur í Reykjavík með skýrari ábyrgð, öflugri fagteymum og aukinni samhæfingu þjónustu. Þær voru útfærðar í sumar í góðu samstarfi og sátt við stjórnendur á skóla- og frístundasviði og velferðarsviði. Þær eru jafnframt nauðsynlegt svar við rekstrarlegum og skipulagslegum áskorunum sem hafa byggst upp yfir langan tíma. Ábyrg stjórnun felst í því að bregðast við slíkum vanda en ekki viðhalda kerfi sem er bæði kostnaðarsamt og viðkvæmt fyrir álagi og manneklu. Meirihlutinn gerir sér grein fyrir að breytingar geta reynst starfsfólki krefjandi og leggur áherslu á að innleiðing þeirra fari fram af virðingu og ábyrgð. Markmiðið er að tryggja sjálfbærari rekstur, betri nýtingu fagþekkingar og öflugri þjónustu við borgarbúa. Nærþjónusta við börn, fjölskyldur og aðra notendur þjónustunnar verður áfram tryggð. Aðgerðaleysi gagnvart rekstrarvanda og óraunhæfu skipulagi væri hvorki ábyrg stefna gagnvart starfsfólki né borgarbúum.

Fulltrúi Samfylkingarinnar leggur fram svohljóðandi bókun:

Meirihlutanum hafa verið afar mislagðar hendur í innleiðingu skipulagsbreytinganna. Þær fela í sér mestu fjöldauppsagnir í áratugi innan borgarinnar þar sem 88 er sagt upp og a.m.k. 54 missa vinnuna. Breytingarnar eru lagðar fram án viðunandi greininga, þær eru lítt útfærðar og einkennast af miklu virðingarleysi við starfsfólk sem margt hefur átt langan og farsælan feril í þjónustu við borgarbúa. Gríðarlegur mannauður glatast og fjöldi faglegra leiðtoga og starfsfólks með mikla reynslu og færni hverfur á braut. Verulegar líkur eru á skertri þjónustu við börn og fullorðna einstaklinga í viðkvæmri stöðu við slíkar aðstæður og ekki síst að jaðarsettir hópar sæki sér mun síður þjónustu þegar hún hverfur úr nærumhverfinu. Breytingarnar eru greinilega knúnar af pólitískri hugmyndafræði um útvistun og hagræðingu og einkennast af aukinni miðstyringu á kostnað nærþjónustu við börn, barnafjölskyldur og skjólstaðinga velferðar- og skólaþjónustu. Aðgerðir nýs hægri meirihluta fá því miður falleinkunn með tilliti til breytingastjórnunar við aðstæður þar sem sýna þarf starfsfólki virðingu og nærgætni. Forsvarsmenn meirihlutans boða enn frekari skipulagsbreytingar og sá fræjum óvissu meðal starfsfólks um alla borg með tilheyrandi vanlíðan og neikvæðum áhrifum á afköst og starfsánægju. Vanda þarf betur til verka til að afstýra alvarlegu þjónustufalli við skjólstaðinga velferðarþjónustunnar um alla borg.

Fulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Nýsamþykktar breytingar á stjórnskipulagi velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs eru líklegar til að bæta rekstur borgarinnar ásamt því að tryggja betri þjónustu við borgarbúa. Tímabundnar áskoranir blasa hins vegar við að koma þessum breytingum í framkvæmd. Í þeim efnum skiptir ekki síst máli að vel sé hlúið að mannauði, það er, að áframhaldandi starfsánægja starfsmanna borgarinnar sé eins vel tryggð og unnt er. Þessu til viðbótar þarf að huga að því hvernig staðið sé að faglegru og skýrri upplýsingagjöf til allra hlutaðeigandi, þar með talið til þjónustunotenda. Miðflokkurinn stendur fyrir ábyrgum rekstri borgarsjóðs og í stóra samhengi hlutanna eru breytingarnar liður í því að stemma stigu við viðvarandi rekstrarhalla A-hluta borgarsjóðs. Frekari umbóta er hins vegar þörf svo að tryggja megi sjálfbæran rekstur borgarinnar.

Fulltrúi Vinstrisins leggur fram svohljóðandi bókun:

Það er ljóst að breytingar á stjórnskipulagi á velferðarsviði og skóla- og frístundasviði hafa mikil og ófyrirséð áhrif á notendur þjónustunnar sem ekki verða allar séðar fyrir. Fulltrúar Vinstrisins hafa áhyggjur af þeirri þekkingu sem glatast með þeim starfsmönnum sem svo skyndilega standa nú frammi fyrir atvinnuleysi, nokkuð sem við vitum öll að er flokkað sem áfall bæði fyrir einstaklingana sjálfa og fjölskyldur þeirra. Fulltrúar Vinstrisins hafa einnig áhyggjur af áhrifum þessara breytinga á viðkvæma hópa og spyr hvað tekur við fjölskyldum sem þurfa fjárhagsaðstoð með stuðningi og viðtölum - eða jafnvel fjölbreyttari þjónustu en það í kjölfarið - þetta er hópur sem er brýnt að halda utan um og má ekki við þjónusturofi eða verða fyrir hindrunum eða höfnun þegar sótt er um aðstoð í fyrsta skipti vegna skerts mótlætispóls í sínum erfiðu aðstæðum.

- Kl. 14:56 vikur Magnea Gná Jóhannsdóttir af fundinum og Þorvaldur Daníelsson tekur sæti á fundinum.
- 4. Lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra, dags. 31. ágúst 2026, um samstarf við Vinnumálastofnun um eflingu íslenskukennslu fyrir foreldra af erlendum uppruna:

Lagt er til að sviðsstjóra velferðarsviðs verði falið að hefja formlegar viðræður um samstarf við Vinnumálastofnun um eflingu íslenskukennslu fyrir foreldra af erlendum uppruna svo flýta megi aðlögun þeirra að íslensku samfélagi. Velferðarsvið leggi fyrir velferðarráð, stöðumat og tillögur að útfærslu samstarfsins innan fjögurra mánaða frá samþykkt tillögunnar. Tillagan leiðir ekki til kostnaðarauka.

Greinargerð fylgir tillögunni. VEL26080155.
Samþykkt.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Tillagan efnir loforð meirihlutans um að tryggja foreldrum af erlendum uppruna betra aðgengi að íslenskukennslu. Íslenskukunnátta er ein mikilvægasta forsenda þess að fólk geti orðið virkir og sjálfstæðir þátttakendur í íslensku samfélagi. Hún opnar dyr að atvinnulífinu, auðveldar samskipti við skóla og opinberar stofnanir og styrkir möguleika foreldra til að taka virkan þátt í samfélaginu og ná utan um eigið líf. Með markvissara samstarfi Reykjavíkurborgar og Vinnumálastofnunar viljum við tryggja að foreldrar af erlendum uppruna sem eru í þjónustu borgarinnar komist sem fyrst í íslenskunám, að tilvísanir og eftirfylgd verði samræmd og að betur verði fylgst með þátttöku. Jafnframt verður kannað hvernig nýta megi stafræna kennslu til að bæta aðgengi. Þannig getur öflugt samstarf milli stofnana náð árangri við að styðja fólk til sjálfstæðis, atvinnuþátttöku og virkari þátttöku í íslensku samfélagi.

Fulltrúar Samfylkingarinnar og Vinstreisins leggja fram svohljóðandi bókun:

Sjálfsgætt er að styðja tillögu um að sviðsstjóra verði falið að hefja viðræður um samstarf við Vinnumálastofnun um eflingu íslenskukennslu fyrir foreldra af erlendum uppruna. Tillagan og greinargerðin ávarpa bæði foreldra almennt og hins vegar flóttafólk sérstaklega. Ljóst er að þörf er á aukinni íslenskukennslu við báða hópna og styðja fulltrúarnir eindregið að samstarf verði aukið við Vinnumálastofnun um þetta mikilvæga mál sem getur skipt sköpum fyrir viðkomandi einstaklinga varðandi atvinnumöguleika, velferð og lífsgæði.

5. Lagt fram minnisblað, dags. 31. ágúst 2026, um vinnu- og virkniþjónustu fyrir fatlað fólk. VEL26080093.

Lára Sigríður Baldursdóttir, deildarstjóri á skrifstofu málefna fatlaðs fólks, tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Minnisblaðið gefur góða yfirsýn yfir vinnu- og virkniþjónustu fyrir fatlað fólk og sýnir jafnframt hversu fjölbreytt þjónustan er. Alls nýta 270 einstaklingar þjónustu sem samsvarar 171 plássi og Reykjavík bæði rekur eigin úrræði og kaupir þjónustu af öðrum aðilum. Þá eru 39 einstaklingar í virkni á almennum vinnustöðum. Þarna felast mikilvæg tækifæri til áframhaldandi þróunar. Markmiðið á ekki að vera að allir fari sömu leið heldur að þjónustan taki mið af þörfum, getu og óskum hvers einstaklings. Fyrir suma er sérhæfð vinnu- og virkniþjónusta nauðsynleg en fyrir aðra getur þátttaka á almennum vinnustað verið bæði valdeflandi og hagkvæmari

þjónustuleið. Við eigum því að nýta þessa kortlagningu til að meta betur árangur og kostnað ólíkra þjónustuleiða og þróa þjónustuna í þá átt að einstaklingurinn fái rétta þjónustu á réttum stað. Þannig getum við bæði aukið sjálfstæði og samfélagsþátttöku fatlaðs fólks og tryggt að fjármunir málaflokksins nýtist sem best.

6. Lögð fram umsögn sviðsstjóra velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs um aðgerðaáætlun Farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins, dags. 26. ágúst 2026. Einnig lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 13. ágúst 2026, þar sem óskað er eftir umsögn velferðarráðs og skóla- og frístundaráðs um aðgerðaáætlunina, og bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, dags. 7. júlí 2026, ásamt fylgiskjölum. MSS26070034.
Samþykkt.

Fulltrúar Samfylkingarinnar og Vinstreisins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúarnir þakka fyrir umsögn um fyrstu aðgerðaáætlun Farsældarráðs og lýsa stuðningi við þær aðgerðir sem ætlað er að efla samstarf, samræma verklag og bæta upplýsingaflæði milli þeirra aðila sem bera sameiginlega ábyrgð á farsæld barna. Hins vegar þarf að taka alvarlega gagnrýni Ríkisendurskoðunar á framkvæmd farsældarlaganna þar sem bent er á að góð samhæfing skili takmörkuðum árangri ef þjónustu og úrræði skortir. Stilla þarf upp skýrari mynd af þeim áskorunum sem börn og fjölskyldur á höfuðborgarsvæðinu glíma við í dag og hvernig þær aðgerðir sem hér eru lagðar fram eiga að bregðast við þeim. Mikilvægt er að farsældarráðið verði ekki einungis vettvangur til að samræma verklag og upplýsingaflæði heldur einnig farvegur þar sem mið er tekið af sjónarmiðum þeirra sem starfa á vettvangi þjónustunnar um hvar stuðning eða úrræði skortir. Skýrari tenging þarf að vera milli þarfa barna og fjölskyldna, þeirra aðgerða sem lagðar eru til og þeirrar framtíðarsýnar sem stefnt er að. Ljóst er að innleiðingu farsældarlaganna fylgdu væntingar foreldra og annarra forráðamanna um fjölgun úrræða og betri þjónustu við börn með stuðningsþarfir, sem ekki hefur verið mætt með fullnægjandi hætti. Það þarf að vera í forgrunni næstu misserin að gera þar bragarbót á.

7. Lögð fram að nýju tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins um greiningu á stöðu SIS-mata, sbr. 14. lið fundargerðar velferðarráðs frá 13. ágúst 2026. VEL26080032.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Samþykkt.

Fulltrúi Vinstreisins situr hjá við afgreiðslu málsins.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga úthlutar árlega framlögum til sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk. Úthlutunin byggir á SIS-mati einstaklinga. Það undanþáguákvæði sem áður leyfði framlög á grundvelli uppgjafins kostnaðar án SIS-mats hefur nú verið afnumið, sem þýðir að gilt SIS-mat er nú skilyrði framlags vegna hvers þjónustuþega. Vanti einstakling mat eða sé matið orðið úrelt fær Reykjavíkurborg ekki tilheyrandi framlag vegna þjónustu við einstaklinginn þó svo þjónustan sé veitt að fullu. Það veikir verulega fjárhagslegar undirstöður þjónustu Reykjavíkurborgar við fatlað fólk. Samkvæmt gildandi viðmiðum á SIS-A endurmat

að fara fram ekki sjaldnar en á 8–12 ára fresti. Í þessu sambandi er mikilvægt að fylgjast með breytingum hjá þjónustuþegum eldri en 55 ára og yngri en 25 ára þar sem þarfir þessara hópa breytast hraðar. Úrelt mat getur þar að auki valdið því að þjónustuáætlun endurspegli ekki raunverulegar þarfir. Mikilvægt er að leiða fram hverjar þær upplýsingar sem kunna að varpa ljósi á atriði sem eru mikilvæg til að veita fólki áreiðanlega þjónustu við hæfi en til þess þarf hún að byggja á fjárhagslega traustum grunni.

8. Lögð fram að nýju tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins um greiningu á stoð- og stuðningsþjónustu Reykjavíkurborgar, sbr. 13. lið fundargerðar velferðarráðs frá 13. ágúst 2026. VEL26080041.

Greinargerð fylgir tillögunni.
Samþykkt.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Velferðarráð þarf yfirsýn yfir stöðuna til þess að geta metið hvort þjónustan sé í samræmi við þarfir notenda og hvort fjármagnið skili þeim árangri sem stefnt er að.

9. Lögð fram að nýju tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins um að greina og efla valkosti í sjálfstæðri búsetu með stuðningi, sbr. 12. lið fundargerðar velferðarráðs frá 13. ágúst 2026. VEL26080042.

Greinargerð fylgir tillögunni.
Samþykkt.

Fulltrúar Samfylkingarinnar og Vinstreisins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Markmið þessarar tillögu er að fjölga raunverulegum valkostum fyrir fólk sem þarf stuðning við búsetu. Kerfið á ekki að gera ráð fyrir að ein búsetuleið henti öllum. Einstaklingar hafa ólíkar þarfir og óskir og stuðningurinn á, eins og kostur er, að laga sig að lífi fólks en ekki öfugt. Við viljum því greina betur hvaða möguleikar eru til sjálfstæðrar búsetu með sveigjanlegum stuðningi, hvað stendur í vegi fyrir því að þeir séu nýttir í ríkari mæli og hvernig megi þróa þjónustuna áfram. Markmiðið er að fleiri geti búið á eigin forsendum, með þann stuðning sem þeir þurfa, án þess að þurfa sjálfkrafa að fara inn í umfangsmeira búsetuúrræði. Þetta snýst bæði um aukið sjálfstæði og valfrelsi einstaklinga og um skynsamlega uppbyggingu þjónustunnar. Ef við getum boðið fjölbreyttari stuðningsleiðir og mætt þörfum fyrr og með sveigjanlegri hætti getum við jafnframt nýtt takmarkaða fjármuni betur og tryggt að sérhæfðustu úrræðin séu tiltæk þeim sem mest þurfa á þeim að halda.

10. Lögð fram að nýju tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins um að greina þróun gjaldskráa velferðarsviðs, sbr. 15. lið fundargerðar velferðarráðs frá 13. ágúst 2026. VEL26080043.

Greinargerð fylgir tillögunni.
Samþykkt.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Gjaldskrár velferðarsviðs hafa bein áhrif á þann kostnað sem notendur þjónustunnar bera og mikilvægt er að breytingar á þeim séu gagnsæjar, málefnalegar og í eðlilegu samhengi við þróun kostnaðar við að veita þjónustuna. Með tillögunni er lagt til að tekin verði saman þróun gjaldskráa sviðsins undanfarin ár og hún borin saman við almenna verðlags- og kostnaðarþróun sem og þróun kostnaðar við viðkomandi þjónustu eftir því sem gögn leyfa. Jafnframt verði skoðað hvort gjaldskrár hafi þróast með sambærilegum hætti milli þjónustupátta og hvort breytingar á gjaldtöku hafi leitt til þess að hlutur notenda í kostnaði við þjónustuna hafi aukist eða minnkað. Markmiðið er að skapa skýrari yfirsýn yfir forsendur gjaldtöku velferðarsviðs og tryggja að ákvarðanir um gjaldskrár byggist á traustum upplýsingum um raunverulega kostnaðarþróun. Slík greining getur jafnframt nýst við framtíðarendurskoðun gjaldskráa og stuðlað að auknu gagnsæi og fyrirsjáanleika fyrir notendur þjónustunnar.

11. Lögð fram að nýju tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins um aðgerðaáætlun um lækkun veikindahlutfalls í búsetuþjónustu, sbr. 17. lið fundargerðar velferðarráðs frá 13. ágúst 2026. VEL26080044.

Greinargerð fylgir tillögunni.
Samþykkt.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fjarvistir í búsetuþjónustu hafa bein áhrif á bæði rekstur og gæði þjónustunnar. Vegna eðlis starfseminnar þarf jafnan að bregðast við fjarvistum með yfirvinnu eða afleysingum. Það eykur kostnað, getur raskað samfellu í þjónustu og tekur tíma stjórnenda frá öðrum mikilvægum verkefnum. Veikindahlutfall í búsetuþjónustu var komið í 8,5% á fyrsta ársfjórðungi 2026 og hátt veikindahlutfall hefur verið mikilvæg skýring á yfirvinnu og launafrávikum. Mikilvægt er að fylgja þróuninni náið eftir og byggja áfram á þeim aðgerðum sem þegar hafa verið innleiddar og kunna að vera farnar að skila árangri. Með tillögunni viljum við nálgast verkefnið markvisst og til lengri tíma. Greina þarf þróun veikinda og yfirvinnu á einstökum heimilum, setja mælanleg markmið og innleiða skýrt og samræmt verklag um viðveru og eftirfylgni. Ávinningurinn getur verið tvíþættur: meiri stöðugleiki og samfella í þjónustu við íbúa og betri nýting fjármuna. Markmiðið er að bæta starfsumhverfið, styrkja þjónustuna og ná um leið betri tökum á rekstrinum.

12. Lögð fram að nýju tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins um greiningu á kostnaðarþróun skammtímadvala, sbr. 16. lið fundargerðar velferðarráðs frá 13. ágúst 2026. VEL26080045.

Greinargerð fylgir tillögunni.
Samþykkt.
Fulltrúi Samfylkingarinnar situr hjá við afgreiðslu málsins.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Skammtímadvöl er mikilvæg þjónusta við fötluð börn og fjölskyldur þeirra og getur skipt sköpum fyrir lífsgæði, stöðugleika og möguleika fjölskyldna til að takast á við daglegt líf. Þess vegna þurfum við að tryggja að þjónustan þróist í takt við breyttar þarfir barna og fjölskyldna. Með tillögunni viljum við greina kostnaðarþróun skammtímadvala samhliða því að skoða hvernig þjónustan hefur þróast, hvernig þarfir þjónustubega hafa breyst og hvort núverandi fyrirkomulag nýtist börnum og fjölskyldum eins vel og kostur er. Markmiðið er þannig ekki aðeins að skýra hvers vegna kostnaður hefur aukist heldur að nýta greininguna til þjónustuumbóta. Við viljum vita hvort hægt sé að skipuleggja þjónustuna með sveigjanlegri hætti, bæta nýtingu úrræða og þróa fjölbreyttari stuðningsleiðir sem mæta ólíkum þörfum fjölskyldna. Góður rekstur og góð þjónusta eiga að fara saman. Með betri yfirsýn yfir þarfir, nýtingu og kostnað getum við tekið upplýstar ákvarðanir um hvernig skammtímadvöl eigi að þróast og tryggt að réttur stuðningur sé veittur á réttum tíma og með þeim hætti sem þjónar hverri fjölskyldu best.

13. Lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins um gjaldskrá stuðningsþjónustu og fyrirkomulag þrífþjónustu:

Lagt er til að velferðarsvið taki saman og kynni fyrir velferðarráði upplýsingar um gjaldtöku vegna stuðningsþjónustu hjá Reykjavíkurborg og öðrum sveitarfélögum. Sérstaklega verði skoðað hvernig gjaldtöku er háttað þegar þjónustan felst eingöngu eða að mestu leyti í þrífum. Í samantektinni verði meðal annars gerð grein fyrir: 1. hvernig önnur sveitarfélög skilgreina og afmarka þrífþjónustu innan stuðningsþjónustu 2. hvort og með hvaða hætti gjald er tekið fyrir þjónustuna 3. hvort gjaldtakan er tekjutengd, tímagjald, fast gjald eða byggð á öðrum viðmiðum 4. hvaða undanþágur eða afslættir eru veittir vegna tekna, félagslegra aðstæðna eða umfangs þjónustu 5. hvernig tryggt er að gjaldtaka dragi ekki úr möguleikum einstaklinga, sem þurfa heimastuðning, til að búa áfram á eigin heimili. Jafnframt er óskað eftir að fram komi stutt kynning á því hvernig sambærileg þjónusta er skipulögð á Norðurlöndunum, einkum þjónusta sem eingöngu varðar þríf og hefur meðal annars verið nefnd „eingöngu þríf“ eða „fjórði flokkur“. Fram komi hvort þjónustan sé veitt af sveitarfélögum, einkaaðilum eða öðrum þjónustuaðilum, hvaða skilyrði gilda um aðgang að henni og hvernig kostnaðarþátttöku notenda er háttað. Óskað er eftir að sviðið leggi fram nokkrar útfærðar tillögur að breyttri gjaldskrá stuðningsþjónustu, sérstaklega þrífþjónustu. Tillögurnar sýni mismunandi leiðir að gjaldtöku og áhrif þeirra á notendur, tekjur og rekstur. Sérstök áhersla verði lögð á að verja tekjulága einstaklinga og þá sem eru háðir heimastuðningi til að geta búið áfram heima. Við mat á tillögunum verði byggt á fyrirliggjandi minnisblöðum um fjárhagsleg áhrif breyttrar gjaldtöku. Fram komi áætlaðar viðbótartekjur eða sparnaður af hverri leið, áhrif á eftirspurn eftir þjónustu og möguleg áhrif á kostnað annars staðar í þjónustukerfinu. VEL26080114.

Samþykkt.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Markmið okkar er að bæta stuðningsþjónustuna, fjölga valkostum og gera hana sveigjanlegri eftir ólíkum þörfum fólks. Stuðningsþjónusta á að efla sjálfstæði og gera fólki kleift að búa sem lengst á eigin heimili. Með tillögunni viljum við skoða sérstaklega hvernig þjónusta sem felst eingöngu eða að mestu í þrífum er skipulögð og fjármögnuð hjá öðrum sveitarfélögum og á Norðurlöndunum. Þar viljum við meðal annars kanna ólíkar þjónustuleiðir og hvort fleiri aðilar geti komið

að veitingu þjónustunnar. Við viljum fá útfærða valkosti þar sem áhrif mismunandi leiða á notendur, þjónustugæði, eftirspurn og rekstur eru metin áður en ákvörðun er tekin. Markmiðið er ekki einfaldlega að breyta gjaldtöku heldur að nýta tækifærið til að endurskoða þjónustuna sjálfa, auka valfrelsi og tryggja að fjármunir nýtist sem best. Við þá vinnu verður sérstaklega að gæta að tekjulágum einstaklingum og þeim sem eru háðir heimastuðningi til að geta búið áfram heima. Betri þjónusta, fleiri valkostir og aukið sjálfstæði eiga að vera leiðarljósið.

14. Lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins um sjálfvirkar stöðutilkynningar til skóla og forsjáraðila:

Lagt er til að velferðarsvið, í samstarfi við skóla- og frístundasvið og þjónustu- og nýsköpunarsvið eftir því sem við á, verði falið að útfæra og innleiða verklag um sjálfvirkar stöðutilkynningar vegna mála barna sem eru til vinnslu. Markmiðið verði að tryggja að forsjáraðilar og viðkomandi skóli, eftir því sem við á og heimildir standa til, fái skýrar og tímanlegar upplýsingar um stöðu máls. Meðal annars verði send tilkynning þegar mál hefur verið mótttekið og tekið til vinnslu og þegar breyting verður á stöðu eða framgangi máls. Við útfærslu verði sérstaklega horft til þess að tilkynningar séu einfaldar og skýrar og veiti upplýsingar um hvar málið er statt og, eftir því sem unnt er, hver næstu skref eru. Jafnframt verði tryggt að miðlun upplýsinga sé í samræmi við reglur um persónuvernd og þagnarskyldu.

Greinargerð fylgir tillögunni. VEL26080141.
Samþykkt.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Það hefur verið algengt umkvörtunarefni bæði foreldra og starfsfólks skóla að erfitt sé að fylgjast með því hvar mál barna eru stödd eftir að þeim hefur verið vísað áfram til þjónustu. Óvissan getur verið mikil á meðan beðið er og foreldrar og starfsfólk þurfa oft sjálf að leita eftir upplýsingum um hvort mál sé komið í vinnslu og hver næstu skref séu. Með þessari tillögu erum við að bregðast við því. Við viljum koma á einföldu og samræmdu verklagi þar sem forsjáraðilar og skólar, eftir því sem við á, fá sjálfvirkar stöðutilkynningar þegar mál er mótttekið og tekið til vinnslu og þegar framgangur verður. Þetta er einföld en mikilvæg þjónustuumbót. Betra upplýsingaflæði dregur úr óvissu hjá fjölskyldum, auðveldar skólum að fylgja málum eftir og getur jafnframt dregið úr tíma sem starfsfólk borgarinnar ver í að svara ítrekuðum fyrirspurnum um stöðu mála. Þessi tillaga er ein af mörgum væntanlegum sem miða að því að nýta tæknina til að gera þjónustuna gagnsærri og notendavænni. Fólk á ekki að þurfa að elta uppi upplýsingar um framvindu í málavinnslu barnanna sinna.

15. Lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins um árangursmælikvarða í þjónustu við börn og fjölskyldur:

Lagt er til að velferðarsviði verði falið að skilgreina grunnstöðu, þjónustuviðmið og mælanlega árangursmælikvarða fyrir helstu þjónustubætti í þjónustu við börn og fjölskyldur. Fyrst verði dregin upp skýr mynd af núverandi stöðu þjónustunnar, meðal annars umfangi þjónustu, biðtíma, fjölda mála og eftir því sem við á niðurstöðum og árangri þjónustunnar. Á grundvelli þeirrar stöðu verði skilgreindir mælikvarðar fyrir einstaka þjónustubætti og sett skýr og mælanleg markmið um þann árangur sem stefnt er að. Meðal annars verði skilgreint viðmið um

ásættanlegan biðtíma eftir mismunandi tegundum þjónustu og mælt reglulega hversu hátt hlutfall barna og fjölskyldna fær þjónustu innan þeirra viðmiða. Jafnframt verði skoðaðir aðrir mælikvarðar sem gefa raunhæfa mynd af gæðum, aðgengi, samfellu og árangri þjónustunnar. Niðurstöður verði nýttar til að fylgjast reglulega með þróun þjónustunnar og árangri þeirra breytinga sem fyrirhugaðar eru á fjölskylduþjónustu Reykjavíkurborgar. Velferðarráði verði gerð grein fyrir grunnstöðunni, fyrirhuguðum mælikvörðum og þeim mælanlega árangri sem stefnt er að.

Greinargerð fylgir tillögunni. VEL26080149.
Samþykkt.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fram undan eru umfangsmiklar breytingar á þjónustu við börn og fjölskyldur. Mikilvægt er að skilgreina fyrirfram hvernig árangur breytinganna verður mældur, fremur en að reyna að skilgreina árangurinn eftir á. Einn af veikleikum fyrra fyrirkomulags hefur verið hversu erfitt hefur reynst að fá skýra mynd af því hvaða árangri þjónustan skilar fyrir barnið og fjölskylduna. Ýmsar upplýsingar liggja fyrir um starfsemi kerfisins en mikilvægt er að færa aukna áherslu yfir á mælingar á árangri þjónustunnar fyrir þjónustuþegann. Tillagan miðar því að því að skilgreina fyrst grunnstöðuna: Hvar stendur þjónustan í dag? Í framhaldinu verði ákveðnir mælikvarðar sem sýna hvort þjónustan sé að batna og sett skýr, mælanleg markmið um þann árangur sem stefnt er að. Þar verði meðal annars horft til biðtíma, aðgengis, samfellu og þess hvort börn fái viðeigandi þjónustu fyrr. Þannig verður hægt að tryggja að þjónustuumbæturnar skili mælanlega betri þjónustu og betri árangri fyrir börn og fjölskyldur.

16. Lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins um stöðumat á viðveru fagfólks í skólum:

Lagt er til að velferðarsviði, í samstarfi við skóla- og frístundasvið, verði falið að gera stöðumat á fyrirkomulagi og árangri af viðveru fagfólks, svo sem sálfræðinga og talmeinafræðinga, í leik- og grunnskólum borgarinnar. Sérstaklega verði metið hvort og með hvaða hætti umfang viðveru fagfólks í skólum hafi áhrif á snemmtæka íhlutun, aðgengi barna að þjónustu, biðtíma og þörf fyrir frekari þjónustu. Jafnframt verði skoðað hversu mörgum börnum hver sérfræðingur getur sinnt eftir mismunandi þjónustufyrirkomulagi. Í matinu verði einnig skoðað hvernig nýta megi fjarþjónustu og stafrænar lausnir til að draga úr ferðatíma sérfræðinga og auka þann tíma sem fer í beina þjónustu við börn, án þess að það komi niður á gæðum eða þeim ávinningi sem kann að felast í staðbundinni viðveru fagfólks. Niðurstöðurnar verði nýttar til að leggja mat á hvert sé æskilegt jafnvægi milli staðbundinnar viðveru fagfólks, miðlægrar þjónustu og fjarþjónustu og hvernig mannafla og fjármunum verði best varið til að ná sem mestum árangri fyrir börn og fjölskyldur.

Greinargerð fylgir tillögunni. VEL26080150.
Samþykkt.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Snemmtæk íhlutun byggir meðal annars á því að hægt sé að greina vanda og veita viðeigandi stuðning áður en þjónustupörf verður umfangsmeiri. Á sama tíma er mikilvægt að takmarkaður tími sérfræðinga nýtist sem best. Stöðumatið á að skapa gagnagrunn fyrir ákvarðanir um framtíðarskipulag þjónustunnar, þar á meðal hversu mikla viðveru fagfólks eigi að tryggja í skólum og hvort fjárfesting í stafrænum lausnum geti aukið aðgengi og afköst þjónustunnar. Markmiðið er að finna það þjónustufyrirkomulag sem tryggir snemmtæka íhlutun og að sem flest börn fái rétta þjónustu á réttum tíma.

17. Lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins um kortlagningu þjónustubíla, kostnaðarþróunar og áhrifa biðlista ríkisins:

Lagt er til að velferðarsviði verði falið að kortleggja þjónustubíl í þjónustu við börn og fjölskyldur og meta sérstaklega hvernig tafir og biðlistar eftir úrræðum sem heyra undir ríkið hafa áhrif á þjónustu Reykjavíkurborgar. Í kortlagningunni verði meðal annars greint hvar tómarúm myndast í þjónustukeðjunni, hvaða úrræði borgin grípur til á meðan beðið er eftir þjónustu annarra aðila og hvernig kostnaður við mismunandi þjónustuleiðir hefur þróast. Jafnframt verði, eftir því sem gögn leyfa, lagt mat á þann viðbótarkostnað og aukna þjónustupörf sem fellur á Reykjavíkurborg vegna tafa og biðlista í kerfum ríkisins. Niðurstöðurnar verði jafnframt flokkaðar eftir því hvaða þættir eru á forræði Reykjavíkurborgar og hvaða þættir ráðast af þjónustu, fjármögnun eða ákvörðunum ríkisins. Á grundvelli þeirrar greiningar verði settar fram tillögur um þau atriði sem borgin getur sjálf bætt og þau atriði sem kalla á samvinnu, skýrari verkaskiptingu eða viðræður við ríkið.

Greinargerð fylgir tillögunni. VEL26080151.
Samþykkt.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Til að bæta þjónustu við börn og fjölskyldur þarf að liggja skýrt fyrir hvar þjónustubíl myndast, hvers vegna þau verða og hver hefur raunverulega forsendur til að leysa þau. Börn og fjölskyldur geta þurft að bíða eftir þjónustu eða úrræðum sem heyra undir ríkið. Á meðan lýkur þjónustupörfinni ekki. Hún getur þess í stað færst yfir á Reykjavíkurborg, kallað á önnur og jafnvel kostnaðarsamari úrræði og aukið álag á þjónustu borgarinnar. Tillagan miðar að því að kortleggja þessi áhrif betur, greina kostnaðarþróun mismunandi þjónustuleiða og, eftir því sem gögn leyfa, setja tölur á þann viðbótarkostnað sem biðlistar og tafir í kerfum ríkisins hafa í för með sér fyrir borgina. Slík greining gerir jafnframt kleift að greina skýrar á milli þess sem Reykjavíkurborg getur sjálf bætt og þess sem kallar á aðgerðir eða aukna ábyrgð ríkisins. Markmiðið er bæði að skapa betri grundvöll fyrir þjónustuumbætur innan borgarinnar og afla trausta gagna til að tryggja betri samfellu í samstarfi borgar og ríkis hvað varðar ábyrgð, fjármögnun og nauðsynleg úrræði fyrir börn og fjölskyldur.

18. Kosning í styrkjahóp velferðarráðs 2027. VEL26080152.
Frestað.
19. Lagt fram svar sviðsstjóra, dags. 31. ágúst 2026, við fyrirspurn fulltrúa Vinstreisins um upplýsingamiðlun á velferðarsviði, sbr. 18. lið fundargerðar velferðarráðs frá 13. ágúst 2026. VEL26080054.

20. Lagður fram að nýju 5. liður fundargerðar velferðarráðs frá 13. ágúst 2026. Tillaga sviðsstjóra um rekstur Droplaugarstaða og dagdvala, sem færður var í trúnaðarbók velferðarráðs. VEL26080033.

Lögð var fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra, dags. 11. ágúst 2026, um rekstur Droplaugarstaða og dagdvala:

Lagt er til að velferðarráð samþykki að fela velferðarsviði að hefja viðræður við ríkið um að annar rekstraraðili taki við rekstri hjúkrunarheimilisins Droplaugarstaða. Samhliða verði kannað hvort hagkvæmt og æskilegt sé að sérhæfða dagdvölin Esjutún fylgi rekstri Droplaugarstaða eða verði færð ásamt almennu dagdvölinni Þorraseli til annars rekstraraðila. Í tengslum við viðræður um framtíð Droplaugarstaða verði hafinn undirbúningur að mögulegri sölu húsnæðisins. Gert verði að skilyrði við sölu að húsnæðið verði áfram nýtt undir rekstur hjúkrunarheimilis. Við alla vinnu við breytingarnar verði sérstaklega gætt að hagsmunum íbúa og þjónustuþega og tryggt að farsælega verði staðið að starfsmannamálum. Velferðarráði verði reglulega gerð grein fyrir framgangi viðræðna og undirbúningsvinnunnar.

Tillagan var samþykkt og henni vísað til borgarráðs.

Við afgreiðslu málsins voru eftirfarandi bókanir færðar í trúnaðarbók:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Meirihluti velferðarráðs styður að hafnar verði viðræður við ríkið um framtíð reksturs Droplaugarstaða. Rekstur hjúkrunarheimila og dagdvala er hluti heilbrigðisþjónustu og heyrir undir ábyrgð ríkisins. Eðlilegt er að verkaskipting ríkis og sveitarfélaga endurspegli þá ábyrgð og að Reykjavíkurborg beri ekki kostnað sem með réttu á að falla undir fjármögnun heilbrigðisþjónustunnar. Markmið breytinganna er ekki að draga úr þjónustu við eldra fólk heldur að tryggja henni traustan grundvöll til framtíðar. Því er mikilvægt að skýrt skilyrði verði sett um að húsnæði Droplaugarstaða verði áfram nýtt undir rekstur hjúkrunarheimilis, óháð breytingum á eignarhaldi eða rekstrarfyrirkomulagi. Við undirbúning breytinganna þarf fyrst og fremst að gæta að hagsmunum íbúa og þjónustuþega, samfellu og gæðum þjónustunnar og farsælli úrlausn starfsmannamála. Jafnframt þarf að meta sérstaklega framtíð dagdvalanna Esjutúns og Þorrasels út frá hagsmunum þjónustuþega og rekstrarlegum forsendum. Meirihlutinn leggur jafnframt áherslu á áframhaldandi uppbyggingu hjúkrunarrýma í Reykjavík í samstarfi við ríkið og aðra rekstraraðila.

Fulltrúi Samfylkingarinnar lagði fram svohljóðandi bókun:

Eðlilegt er að taka upp viðræður við ríkið um breytt rekstrarfyrirkomulag Droplaugarstaða og það hefur áður komið til umræðu. Mikilvægt er í því sambandi að tryggja samfellda góða þjónustu fyrir íbúa og sömuleiðis gott samráð við starfsfólk og standa vörð um réttindi þess.

Fulltrúi Vinstrisins lagði fram svohljóðandi bókun:

Eðlilegt er að fara í viðræður við ríkið um þessi mál en fulltrúi Vinstrisins telur mikilvægt að leitast við að senda út skýr skilaboð um að einkaaðili með hagnaðarkröfu komi ekki að rekstrinum. Mikilvægt er að lokaniðurstaða komi til staðfestingar ráðsins.

21. Fram fer kynning á starfinu á velferðarsviði á milli funda velferðarráðs VEL26010020.

22. Fulltrúi Samfylkingarinnar leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Ljóst er að mörg hundruð einstaklingar, margir hverjir á fjárhagsaðstoð hafa fengið atvinnu í gegnum vinnu starfsfólks Virkniúss undanfarin ár. Óskað er upplýsinga um heildarfjölda þeirra sem hafa fengið vinnu fyrir tilstilli Virkniúss og starfseininga þess: Atvinnu- og virknimiðlunar og IPS Atvinnuráðgjafar á tímabilinu 2022-2026. Hvað má ætla að sá árangur stjórnenda og starfsfólks Virkniúss hafi sparað borginni há útgjöld sem ella hefðu runnið til fjárhagsaðstoðar? Hvað verður um verkefni Virkniúss þegar starfsemin hefur verið lögð niður? Hvert eiga þeir einstaklingar á fjárhagsaðstoð að leita innan borgarinnar sem hafa notið þjónustu Atvinnu- og virknimiðlunar og IPS Atvinnuráðgjafar (IPS)? VEL26090014.

- Kl. 16:11 vikur Skúli Þór Helgason af fundinum.

Fundi slitið kl. 16:27

Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir

Ásta Þórdís Skjalddal Guðjónsdóttir

Þorvaldur Davíð Kristjánsson

Helgi Dagbjartur Áss Grétarsson

Róbert Ragnarsson

Þorvaldur Daníelsson